

# Alþjóðavíddin með augum stúdenta

## *Internationalisation in the eyes of Icelandic Students*

---

### **HANDRIT - SCRIPT FOR AFTERNOON BRAINSTORMING 28 MARCH**

**13:30 til 13:40**                      **Snöggur „energizer“ til að koma blóðinu af stað hjá þátttakendum**  
*Anna Marsý*

-----

**13:40 til 14:00**                      **Alþjóðavæðing háskólastigsins – er eitthvað vit í því?**  
*María*

- Stutt erindi um ólíkar víddir alþjóðsamstarfs
- Innsýn í fræðilegu hliðina (skilgreiningu á alþjóðastarfi), tilgang alþjóðasamstarfs og þróun alþjóðavíddar í háskólastarfi

-----

**14:00 til 14:10**                      **Mótun stefnu um alþjóðavídd – fyrirkomulag vinnu**  
*Hallur*

- Stutt innslag um fyrirkomulag vinnunnar sem framundan er, hvernig hún mun fara fram (þó ekki í smáatriðum).
- Það sem er framundan miðast að því að opna huga þátttakenda fyrir alþjóðavídd í háskólastarfi og ávinningi af henni fyrir háskólastúdenta. Vinnan mun sömuleiðis leggja grunn að því að móta stefnu stúdenta í alþjóðavæðingu háskólastigsins og hverjar áherslur stúdenta eru í þessum málaflokki.
- Örstutt yfirlit yfir aðferðafræði vinnunnar – hugarflug með post-it í fyrsta hluta og síðan World Cafe aðferðafræðin (hægt að fara betur yfir hana í byrjun næsta hluta)
- Kynning á fyrirkomulagi fyrstu hugaflugsæfingar (sjá hér að neðan) – hvernig hefði háskólanám mitt verið öðruvísi ef ekki væri fyrir alþjóðavæðingu?

-----

**14:10 til 14:40 Hugarflugsæfing – Hvernig hefði háskólanám mitt verið öðruvísi ef ekki væri fyrir alþjóðavæðingu?**

*Hópstjórar*

- Þátttakendur sitja saman í 5-6 manna hópum (helst í hring).
- Hópstjórar deila út post-it miðum til hvers þátttakanda. Hver þátttakandi hugsar um spurninguna og skrifar niður eitt atriði á hvern post-it mita hvernig þeirra háskólanám hefði verið öðruvísi ef ekkert alþjóðlegt hefði getað komið þar við sögu (3 mín).
- Þátttakendur leggja síðan fram sína post-it miða hver á eftir öðrum, einn miða í einu (15 min) á veggspjaldið undir viðeigandi flokk
- Þegar allir hafa sagt frá sínum hugleiðingum reynir hópurinn að draga saman stuttlegar áherslur sem skína í gegnum veggspjaldið.
- Einn þátttakandi í hverjum hópi gerir grein fyrir umræðum/áherslum (2-3) í sínum hópi.

**Hvernig hefði háskólanám mitt verið öðruvísi ef ekki væri fyrir alþjóðavæðingu?**

Félagslega	Umgjörð náms	Afurðir náms (learning outcomes og tækifæri)	Annað
(t.d. skiptinemar)	(ECTS)	(T.d. tungumálafærni)	

-----

**14:40 til 14:50 Stutt pissupása og útskýring á World Café aðferðinni**

*María?*

- Stutt útskýring á tilgangi umræðu á borðum. Hver hópur mun ræða þrjár spurningar tengdar alþjóðavídd í háskólastarfi – ávinningur, áskoranir og leiðir til lausna.
- Stutt útskýring á fyrirkomulagi World Café – 5-6 manna hópar; 3 x 20 mínútna umferðir.
- Einn þátttakandi í hverjum hópi er beðinn um að vera gestgjafi á borðinu, taka á móti nýjum gestum og skrifa niður hugmyndir sem koma fram á stórt plakát eða dúk sem er á borðinu.
- Eftir 20 mínútur leggja hóparnir niður vinnu og allir þátttakendur fara á ný borð nema gestgjafinn sem situr áfram og útskýrir það sem rætt var áður.
- Gott væri að vera með penna í þremur mismunandi litum sem geta auðveldlega auðkennt hvern flokk fyrir sig: ávinning-áskorun og lausn.

-----

**14:50 - 15:10: Spurning: Hver er helsti ávinningur alþjóðavæðingar háskólasamfélagsins?**

- Þátttakendur byrja á því að skrifa niður hugmyndir á post-it í pörum (2-3 min).
- Gestgjafinn býður síðan þátttakendum að varpa fram hugmyndum/svörum sem gestgjafinn tekur niður á blaðið (13-15 min)
- Þegar allar hugmyndir hópsins eru komnar á blað leitast hópurinn við að forgangsraða ávinningnum, þ.e. draga fram 2-3 atriði sem hann er sammála um að séu mikilvægust (2-3 min).

-----

**15.10 – 15.30 Spurning: Hverjar eru helstu áskoranirnar sem alþjóðavæðing háskólasamfélagsins stendur frammi fyrir?**

- Þátttakendur byrja á því að skrifa niður hugmyndir á post-it hver fyrir sig (2-3 min).
- Gestgjafinn býður síðan þátttakendum að varpa fram hugmyndum/svörum sem gestgjafinn tekur niður á blaðið (13-15 min)
- Þegar allar hugmyndir hópsins eru komnar á blað leitast hópurinn við að forgangsraða ávinningnum, þ.e. draga fram 2-3 atriði sem hann er sammála um að séu mikilvægust (2-3 min).
- Áskoranirnar mættu gjarnan tengjast þeim atriðum sem fyrri hópur kom auga á með ávinning í huga en geta einnig verið almenns eðlis.

-----

**15:30 - 15:50 Spurning: Hvað er hægt að gera til þess að brúa bilið milli áskorana og ávinnings? Hvernig má stuðla að bættri alþjóðavæðingu háskólasamfélagsins?**

- Þátttakendur byrja á því að skrifa niður hugmyndir á post-it í pörum (2-3 min).
- Gestgjafinn býður síðan þátttakendum að varpa fram hugmyndum/svörum sem gestgjafinn tekur niður á blaðið (13-15 min)
- Þegar allar hugmyndir hópsins eru komnar á blað leitast hópurinn við að ræða leiðir til að brúa bilið milli áskorana og ávinnings, þ.e. draga fram 2-3 atriði sem hann er sammála um að séu mikilvægust (2-3 min).

-----

**15.50 – 16.10**

### **Kaffipása**

- Í kaffipásunni reyna hópstjórar, kannski í slagtogi við einhverja fulltrúa LÍS, að sjá hvort eitthvað mynstur megi sjá í hugmyndum þeirra.
- Við flokkum þær niður (eða teiknum upp í fabjúlös hugarkort) til þess að auðvelda umræður.

-----

**16.10 – 16.45**

### **Snöggur „energizer“ til að koma blóðinu af stað og punkturinn settur yfir áherslur hvers hóps**

- Við byrjum vinnuna aftur á stuttum energizer.
- Hópurinn fer í framhaldinu saman yfir niðurstöður hópavinnunnar (leiðir til að og ræðir þær sín á milli. Ef nýir punktar koma upp er þeim bætt við. Í lokinn ætti að vera kominn listi af áhersluatriðum sem hægt er að teikna upp á eitt hugarkort.

-----

**16:45 - 17:30**

### **Standandi umræða og atkvæðagreiðsla**

- Hópurinn færir sig yfir í annað herbergi þar sem eitthvað áfengt og unaðslegt er að finna.
- Plakatið með ávinningi/áskorunum og leiðum er hengt upp á vegg.
- Hver og einn þátttakandi fær þrjá post-it miða. Viðkomandi skrifar aðildarfélag sitt á miðana (bara til gamans svo við sjáum áherslur aðildarfélaganna) og í rólegheitum yfir bjór og í spjalli um þær áherslur sem liggja fyrir velur hver og einn 1 til 3 áherslur sem viðkomandi finnst mikilvægastar.
- Hægt er að setja alla miðana sína á einn hlut eða dreifa þeim.
- Þegar allir þátttakendur hafa greitt atkvæði fara hópstjórar yfir niðurstöðuna með hópnum og ræða saman áherslurnar

Þetta fyrirkomulag ætti að nýtast til að fá góða hugmynd um hvaða málefni brenna helst á LÍS þegar kemur að alþjóðavæðingu og búum einnig að góðum hugmyndabanka um hvaða lausnir gætu verið fýsilegar í einhverjum atriðum.